

Viðbrögð starfsfólks, kennara og nemenda við brunabjöllum/viðvörunarbjöllum:

1. Starfsmenn slökkva á bjöllum, kanna frá hvaða svæði boðin berast og athuga ástandið þar (Umsjónarmaður, skólameistari og kerfisstjóri).
2. Allir halda kyrru fyrir á sínum stað og bíða eftir fyrirmælum nema ef um sýnilegan eld eða reyk er að ræða þá yfirgefa þeir bygginguna tafarlaust.
3. Komi í ljós að ekki er hætt á ferðum skal tilkynna skrifstofu það. Komi hins vegar í ljós að um eld, reyk eða aðra vá er um að ræða skal setja bjöllur **aftur af stað** og tilkynna tafarlaust að byggingin skuli rýmd. Hringja í 112, tilkynna Neyðarlínu um tilfellið, gefa upplýsingar um staðsetningu tilfellis og hættuástand. Skrifstofan kemur boðunum áfram út í stofur gegnum símkerfið.
4. Tilkynna Öryggismiðstöðinni (sími 530-2400) hvort heldur er að hætt sé ekki á ferðum eða að hætt sé á ferðum og óska þá eftir aðstoð tafarlaust. (Umsjónarmaður, skólameistari og kerfisstjóri).
 - Kennari leiðir sinn hóp út og tryggir að allir skili sér út.
 - Það er áriðandi að fólk gangi aldrei í gegnum reyk.
 - Ávallt skal velja stystu leið út (sjá kort í kennslustofum) og nota neyðarútganga.
 - Það er hættulegt og því stranglega bannað að nota lyftur í bruna.
 - Sé fatlaður nemandi, sem ekki kemst út, í stofu skal kennari verða eftir með honum og skipa foringja úr röðum nemenda. Foringinn leiðir hópinn út og tilkynnir skólameistara eða staðgengli hans, hvar kennari og fatlaði nemandinn eru í húsinu. Þetta er mjög áriðandi til þess að slökkvilið fái réttar upplýsingar.
 - Áriðandi er að nemendur haldi hópinn og **það er bannað að hreyfa bíla á svæðinu**.
 - Allar upplýsingar, svo sem um fólk sem ekki hefur yfirgefið húsið, skulu ganga til skólameistara eða staðgengils hans, sem síðan hefur samband við slökkvilið.
 - Starfsfólk á bókasafni sér til þess að allir nemendur sem þar eru yfirgefi bygginguna og aðstoðar í kjölfarið við rýmingu í matsal og Miðgarði.
 - Aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og námsráðgjafar ganga úr skugga um að allir sem ekki eru við kennslu yfirgefi húsið innan síns brunahólfs.